

Fundargerð
254. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 12. júní 2018 kl. 12¹⁵ – 13⁴⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Plastumbúðir
- (3) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([253. fundar](#)).

Samþykkt

2. Plastumbúðir

ÓK sýndi glærur og fór yfir að Evrópuráðið staðfesti/samþykkti aðgerðaráætlun um hringrænt hagkerfi (CEP) í síðasta mánuði. Á svipuðum tíma komu fram nokkuð afgerandi tillögur að regluverki um aðgerðir til að draga úr áhrifum vegna einnota plasts (ekki bara umbúðir) og veiðarfæra á umhverfið. Markmiðið hjá ESB vegna úrgangs sem fellur til hjá sveitarfélögum (municipal waste) er að 65% af honum fari til endurvinnslu fyrir árið 2030. Einnig eru sett fram ný markmið er varðar hærra hlutfall flokkaðs umbúðaúrgangs er fari til endurvinnslu. ESB setur það markmið að 70% af umbúðaúrgangi fari til endurvinnslu fyrir árið 2030. Þar af eru markmið fyrir plastumbúðir 50%, 2025 og 55% árið 2030 og pappaumbúðir 75%, 2025 og 85% fyrir árið 2030. Einnig að urðun úrgangs (municipal waste) frá sveitarfélögum verði í mesta lagi 10% af því magni úrgangs er fellur til.

Farið var yfir að UAR hefur nýverið kallað eftir tilnefningum í samráðsvettvang um aðgerðaáætlun í plastmálefnum sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um hvernig dregið verði úr notkun plasts, hvernig bæta megi endurvinnslu þess og takast á við plastmengun í hafi. Umræða stjórnar Úrvinnslusjóðs um þessi málefni er mikilvægt innleg í vinnu vettvangsins. Guðlaugur verður fulltrúi sjóðsins.

Stjórnarmenn ræddu um þessi mál með hliðsjón af lögum um Úrvinnslusjóð og starfsemi hans.

LG *ÓK* *GS*

3. Önnur mál

ÓK sagði frá því að FJS hefur ekki endanlega lokið uppgjöri 2017 auk þess sem vextir sjóðsins hafa ekki verið reiknaðir. Ríkisendurskoðun mun stilla upp ársreikningi.

Næsti fundur ákveðinn 28. ágúst 2018.

Fundi slitið kl. 13.45

Breydis Gunnlaugsd.
Breydis Skulatad
Guðrún G. Þórssímer
Johansen
Gísli K. Guðleifsson